

Stjórnarfundur nr. 767 haldinn í Búgarði fimmtudaginn 9. febrúar 2017 kl. 19:30. Mætt eru: Sigurður, Þorgerður, Björgvin, Elvar, Einar, Guðrún og Þorsteinn. Forföll boðuðu Bjarnveig og Sigrún. Elvar fór af fundi kl. 20:10.

- 1) Fundur settur. Sigurður setti fund kl. 19:35.
- 2) Fundargerð síðasta fundar. Fundargerðin samþykkt.
- 3) Innsend bréf.
 - a) 24. janúar, frá Dalvíkurbyggð. Styrkur vegna ársþings. Byggðaráð samþykkti styrk upp á 15.000 kr. Lagt fram til kynningar.
 - b) 23. janúar, frá Hörgársveit. Styrkur vegna kjörs íþróttamanns UMSE. Sveitarfélagið samþykkti að styrkja viðburðinn um 30.000 kr. Lagt fram til kynningar.
 - c) 25. janúar, UMFÍ. Auglýst eftir umsóknum vegna ULM 2020 og LM 50+ 2019. Framkvæmdastjóri ætlar að setja sig í samband við sveitarfélögin til að kanna hug þeirra til þessara umsókna. Lagt fram til kynningar.
 - d) 28. janúar, frá ÍSÍ. Vinnuhópur um endurskoðun á reglum Afrekssjóðs ÍSÍ - Glærur frá fundum. Lagt fram til kynningar.
 - e) 30. janúar, frá KSÍ. Kosningar í stjórn á 71. ársþingi KSÍ. Umf. Svarfdæla á fulltrúa á þinginu. Lagt fram til kynningar.
 - f) 4. febrúar, frá SSÍ. Ársþing Sundsambands Íslands 2017 og málþing 25.febrúar 2017.
 - i) Hefur verið áframsent til Sundfélagsins Ránar. Lagt fram til kynningar.
 - g) 8. febrúar, frá ÍSÍ. Nýr bæklingur - Átröskun og Íþróttir. Lagt fram til kynningar.
 - h) 9. febrúar, frá BLÍ. Þingboð - 45. ársþing BLÍ 10. mars.
 - i) Hefur verið áframsent til Blakfélagsins Rima, Umf. Samherja og Umf. Æskunnar. Lagt fram til kynningar.
 - i) 9. desember 2016, frá Íþróttasambandi fatlaðra. Boð á Sambandsþing Íþróttasambands fatlaðra 2017, haldið á Radisson Blu Hóтели Sögu 25. mars. Lagt fram til kynningar.
- 4) Ársþing UMSE
 - a) Árskógi, Dalvíkurbyggð 9. mars. Húsið hefur verið bókað frá kl. 17:00. Stefnt á að ársþingið hefjist kl. 18:00 og standi ekki lengur en til kl. 22:00.
 - b) Styrkumsókn var send til Dalvíkurbyggðar. Sveitarfélagið samþykkti að styrkja um 15.000.- kr.
 - c) Óskað hefur verið eftir því við Umf. Reynir að aðstoða við þinghaldið. Framkvæmdastjóri sendi póst á formann félagsins.
 - d) Bréf til aðildarféлага. Tillögur og skýrslur þurfa að berast í síðasta lagi 20. feb.
 - e) Rætt um hvort veita eigi heiðursmerki á þinginu. Stjórn beðin að athuga málið fyrir næsta fund. Framkvæmdastjóri tekur að sér að koma þessum upplýsingum inn á heimasíðuna.
 - f) Senda þarf út síðara þingboð í síðasta lagi 23. feb.
- 5) Ársskýrsla og ársreikningar.
 - a) Ákveðið að senda skýrsluna í prentun líkt og síðustu ár, hefur komið vel út.
 - b) Færsla bókhalds er mjög langt komin, fyrstu drög að ársreikningi liggja fyrir.
- 6) Önnur mál.
 - a) Erindi frá Guðmundi Smára Daníelssyni, vegna kaupa á stangarstökkstöngum. Barst 7. feb. Rætt um styrkveitingar stjórnar almennt í tengslum við þetta erindi. Því beint til Umf. Samherja að sækja um í sjóði UMSE fyrir hönd Guðmundar. Enn fremur rætt um að leggja fram tillögu á ársþinginu að styrkja sjóði UMSE vegna góðrar afkomu sambandsins, það

myndi gera UMSE kleift að styrkja betur iðkendum til æfinga og keppni. Þá geta allir sótt um á jafnréttisgrundvelli.

- b) Ljósmyndasafn UMSE. Hvernig komum við því í birtingu? Frestað til næsta fundar.
 - c) Rætt um að koma þurfi á fræðslu í meira mæli en verið hefur, illa hefur gengið að fá tillögur að fræðslu frá aðildarfélögum eða að skipa fræðslunefnd.
- 7) Tilhögun næsta fundar.
- a) Næsti fundur ákveðinn þriðjudaginn 21. febrúar kl. 17:30. Sigrún kemur með veitingar.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 21:10.

Fundargerð ritaði Einar Hafliðason.